

SVÆÐISGARÐURINN SNÆFELLSNES

SAMÞYKKT FUNDARGERÐ

10.NÓVEMBER 2014 16.00-18.25

ÁTTHAGASTOFAN ÓLAFSVÍK

4.FUNDUR 2014	Framkvæmdstjórn og framkvæmdastjóri Svæðisgarðs Snæfellsness
FUNDAREFNI	Þetta er fyrsti fundur framkvæmdastjórnar eftir að starfsmaður var ráðinn og hugsaður fyrst og fremst til kynningar og til að stilla saman strengi. Fyrir liggur að samþykkja leið til að forgangsraða verkefnum, ræða fjárhagsáætlun 2014, skoða drög að ráðningarsamningi, samþykkja félagaform (ehf) og undirbúa fund eigendaráðs.
FUNDARSTJÓRN	Kristín Björg Árnadóttir
FUNDARRITARI	Ragnhildur
FUNDARMENN	Eyþór Garðarsson (EG), Þorkell Símonarson (ÞS), Hallur Pálsson (HP), Sturla Böðvarsson (SB), Kristín Björg Árnadóttir (KBÁ) og Ragnhildur Sigurðardóttir (RS) Forföll: Örvar Marteinson
FRAMLÖGÐ GÖGN	Tillaga að vinnuferli fyrir forgangsroðun verkefna Svæðisgarðs. Slæðukynning um Svæðisgarð, drög að samþykktum fyrir ehf. Tillaga að vinnudegi eigendaráðs

Dagskrá

1. STAÐA OG NÆSTU SKREF Í SVÆÐISGARÐINUM SNÆFELLSNES (RS)
<p>Slæðusýning um Svæðisgarðinn. Minnisþing framkvæmdastjóra. Góðar umræður urðu um ferlið frá hugmynd til framkvæmdar Svæðisgarðs og fundarmenn voru sammála um að leggja áherslu á verkefnastjórnun, góða skjalavörslu og skipulag auk þess sem Svæðisgarðurinn þarf að vera sýnilegur íbúum á öllu Snæfellsnesi. Leggja áherslu á allt atvinnulífið, m.a. hefðbundna framleiðsluatvinnuvegi þar sem líka fer fram nýsköpun og framþróun. Við gerð merkis (logo) fyrir Svæðisgarð þarf að sama skapi að vanda til verka svo að merkið höfði til sem flestra/nýttist á fjölbr. vörur og þjónustu. Ákveðið að fá fagfólk í dómnefnd (rætt um Listaháskólann og Vitbrigði Vesturlands, samtök ungs fólks í skapandi greinum). Rætt um texta sem fer frá Svæðisgarði, leggja áherslu á stuttan og grípandi texta, myndir. Rætt um markaðssetningu á Snæfellsnesi, ímynd Snæfellsness og heimasíðuna snæfellsnes.is. Um aðgengi, almenningssamgöngur og markaðssetningu fyrir íbúa.</p>
2. TILLAGA AÐ VINNUFERLI FYRIR FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA SVÆÐISGARÐS
<ul style="list-style-type: none">✓ Lögð fram tillaga um forgangsroðun verkefna. Framkvæmdastjórn var beðin um að taka afstöðu til verkefna. Velja/breyta eða bæta við listann. Umræður urðu um viðmiðin og ÞS lagði til að viðmiðinu mælanlegu yrði bætt við. Ákveðið að RS sendi útfylltan lista til stjórnarmanna í lok vikunnar m.t.t. umræðna á fundinum, og tillögu að forgangsroðun sem þeir svo taka afstöðu til. Stjórnarmenn sem hafa tíma og tækifæri til geta gefið öllum verkefnum stig og sent á RS í vikunni. Framlagt vinnuferli var samþykkt og ákveðið að leggja forgangsroðun verkefna, þar sem búið yrði að vinna meira með forgangsverkefni, kostnaðargreina og stilla upp eftir verkefnastjórnunarkerfi svæðisgarðsins fyrir fund eigendaráðs í lok nóvember. Með þessum hætti endurspeglar val verkefna vilja eigenda. Hugmynd um að markaðssetja sund-og safnakort fyrir allt Snæfellsnes var rædd sem dæmi um áhugavert verkefni.✓ Tilboð frá Alta Ehf um þátttöku í vinnudegi eigendaráðs var lagt fram og rætt. Ákveðið að það væri ekki tímabært en fundarmenn ætla að skoða málið aftur næsta vor.
3. FJÁRMÁL
<ul style="list-style-type: none">✓ EG kynnti stöðu fjármála Svæðisgarðs nú og áætlun um það hvernig staðan verður í árslok. Samþykkt fjárhagsáætlun fyrir 2014 liggur fyrir en þar sem starfsmaður var ráðinn síðar en áætlað hafði verið er kostnaður minni en gert hafði verið ráð fyrir. Fjárhagsáætlun 2015 er í smíðum og verður send út til fundarmanna í vikunni (EG, KBÁ og RS) og lögð fyrir eigendaráðsfund í lok nóvember. Ákveðið að miða við íbúafjölda 1.des ár hvert

þegar kostnaði er skipt niður á sveitarfélögin. Ákveðið að taka stöðuna á fjármálum Svæðisgarðsins reglulega, a.m.k. 2x á ári.

- ✓ EG kynnti drög að ráðningasamningi sem var samþykktur.
- ✓ Fyrirsvar Svæðisgarðs/ehf. RS kynnti framlagða hugmynd um ehf, sem hefði þann tilgang einan að fá kenntölu. Fjárumsýsla Svæðisgarðs færi eftir sem áður í gegn um sérstakan bókhaldslykil hjá einhverju því sveitarfélagi sem er í eigendaráðinu. Eftir umræður var þetta samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá þessum málum, fá kenntölu og ræða framkvæmd fjármálaumsvífa Svæðisgarðs við Grundarfjarðarbæ.

4. ÖNNUR MÁL OG NÆSTI FUNDUR

- ✓ Hugmynd um vinnudag eigengdaráðs 27. nóvember n.k. í Grundarfirði. EG boðar til fundar. Ákveðið að hvetja nýja sveitarstjórnarmenn til að mæta og fá kynningu á Svæðisgarði.
- ✓ Næsti fundur í framkvæmdastjórn verður í byrjun febrúar 2015.
- ✓ Fundargerðir; ákveðið að RS riti fundargerðir og sendi þær til yfirlestrar og samþykktar í tölvupósti (þögn er sama og samþykki). Fundargerð hvers fundar mun liggja fyrir útprentuð á næsta fundi og stjórnarmenn skrifa þá undir.
- ✓ Rætt um staðsetningu skrifstofu Svæðisgarðs. RS lagði til að núverandi fyrirkomulag, þ.e. vika á hverjum stað (Snb/Grundarfjörður/Stykkishólmur og sunnanvert Snæfellsnes) verði reynt a.m.k. fram á næsta vor. Drög að afnota og þjónustusamningi við Átthagastofuna í Ólafsvík var lögð fram til skoðunar og ákveðið að ganga til samninga við hin sveitarfélögin á sömu forsendum. Fundarmenn voru sammála um að Svæðisgarðurinn ætti að vera farvegur fyrir samstarf á Snæfellsnesi, þvert á sveitarfélagamörk og að starfsmaður þurfi að vera sýnilegur í öllum sveitarfélögunum.
- ✓ Fundarseta: Ákveðið að miða við að framkvæmdastjórn fundi ársfjórðungslega en eigendaráð 2x á ári.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18.25